



Verkefnisráðgjafi Austurlands

Sjálfsmat vorönn 2011

Áfangaskýrsla

Efnisyfirlit

Formáli	2
Vorönn 2011	2
Opnir dagar	3
Heilsueflandi framhaldsskólar	3
Foreldrakönnun	4
Dæmi um svör	4
Áfangamat	6
Nokkrar niðurstöður úr áfangamati	6
Tillögur vorannar	6
Viðauki 1 - Mat nemenda á opnum dögum í mars 2011	8
Viðauki 2 - Niðurstöður foreldrakönnunar	12
Viðauki 3 – Niðurstöður áfangamats – samantekt	29

Formáli

Á vorönn 2011 var unnið áfram samkvæmt samþykktri matsáætlun fyrir tímabilið 2010-2012. Svanlaug Aðalsteinsdóttir hætti störfum um áramót og Ingibjörg Þórðardóttir kom inn í hennar stað og skipa nefndina auk hennar þau Gunnar S. Ólafsson, Pjetur St. Arason og Sigurborg Hákonadóttir. Fundað var 3 af 4 vikum (75%), klukkustund í senn. Samtals voru haldnir 12 fundir auk þess sem nefndarmenn unnu að verkefnum milli funda.

Vorönn 2011

Samkvæmt matsáætlun átti að vinna eftirfarandi á vorönn 2011:

Starfsfólk og starfsmannastjórnun, aðbúnaður

- Stefna skólans varðandi m.a. ráðningar, endurmenntun, þjálfun starfsfólks, nýting kennslukrafta, o.fl.
- Fjárveitingar, hvernig nýtast þær og í hvað?
- Aðbúnaður starfsfólks og þjónusta sem boðið er uppá, vandamál sem upp koma, hvernig er tekið á þeim, o.fl.
- Umgengni í skólanum og á skólalóð

Eins og kom fram í skýrslu haustannar 2010 þá er áætlunin mjög metnaðarfull og ekki er alltaf tími til að framkvæma allt sem þar er tíundað. Á síðustu haustönn var frestað fram á vor 2011 að gera foreldrakönnun. Mikill tími fór í að undirbúa þá könnun og því vannst lítill tími til að vinna að öðru því sem átti að gera í vor samkvæmt áætlun. Á vorönninni var sleppt að gera annarmat, fyrst og fremst vegna fjölda áfanga sem metnir voru.

Stefnur skólans varðandi ýmis mál eru í endurskoðun í tengslum við vinnu við almennan hluta skólanámskrár VA. Því hefur verið ákveðið að vinna ekki í þessum punkti núna.

Síðastliðið haust var samþykkt breyting á sjálfsmatsáætluninni. Var ákveðið að meta stjórnun á vorönn 2012, þar með talið starfsmannastjórnun.

Fjárveitingar og nýting þeirra eru í sífelldri endurskoðun. Fjármálastjóri skólans og skólameistari fara yfir þetta á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun og er þessi málaflokkur í góðum farvegi.

Ekki vannst tími til að fara yfir aðbúnað starfsfólks og þjónustu núna og er þessum lið því frestað fram á haust. Þess má geta að í sumar verður vinnurými kennara stækkað auk þess sem bókasafn skólans verður endurbætt. Þá gæti fyrirlestrarsalur í stofu 1 orðið að veruleika. Einnig má benda á að í fundargerð skólanefndar frá 10. maí segir:

Endurnýjun búnaðar og framkvæmdir

- Ýmislegt hefur verið keypt s.s.
 - Símkerti
 - Ljósritunarvél
 - Endurnýjaðir servera á heimavist
 - Tölvupósti skólans var úthýst á opnum hugbúnaði
 - Tölvur fyrir ritara og á vinnurými
 - Kaffistofa fyrir starfsmenn í verkkenndsluhúsi
 - Flakkari fyrir starfsmenn skólans

- Endurnýjun húsgagna á bókasafni
- Húsgögn yfirdekkj í nemendarymi og ýmislegt annað smálegt

Vandamál sem upp kunna að koma og hvernig tekið er á þeim er í stöðugri umræðu. Verið er að klára undirbúning við áfallateymi og reiknað er með að þeirri vinnu ljúki í haust. Lítið hefur reynt á það að taka á vandamálum sem koma upp meðal starfsmanna skólans. Skólameistari hefur skólaráð og skólanefnd sér til fulltingis við úrlausn þeirra mála. Vandamál sem koma upp meðal nemenda skólans hafa skólameistari og námsráðgjafi séð um að fást við.

Umgengni í skólanum og á skólalóð er í nokkuð góðum farvegi. Starfsmenn skólans fylgjast með umgengninni í skólanum og brýna fyrir nemendum hvers virði góð umgengni er. Talsvert vantar samt upp á umgengnina í setustofu nemenda og þarf að vinna sérstaklega í því að bæta hana. Starfsmenn skólans tóku til á skólalóðinni í byrjun maí. Er tiltektin orðinn árviss atburður og er endað með grillveislu. Bent hefur verið á að það gleymdist að taka til í kringum verkennsluhúsið, sérstaklega að austanverðu og neðan við húsið.

Eins og undanfarin ár var gerð könnun meðal nemenda um hvernig þeim fannst opnu dagarnir takast og eru niðurstöðurnar kynntar í sér kafla.

Að lokum var framkvæmt áfangamat og að þessu sinni var ákveðið að meta alla áfanga iðnnámsins, verklega og fagbóklega. Einnig var öðrum kennurum boðið að láta meta hjá sér áfanga. Þrír kennarar þekktust boðið að þessu sinni. Samtals voru því metnir 24 áfangar, en nokkrum áföngum iðnnámsins var sleppt og sumir metnir saman.

Gerðar hafa verið tvær breytingar á sjálfsmatsáætlun VA. Á vorönn 2012 stendur til að meta stjórnun í VA og á haustönn 2012 verður byrjað að undirbúa gerð tímasettrar umbótaáætlunar.

Opnir dagar

Að loknum opnu dögumum 1. - 3. mars 2011 var gerð skoðanakönnun meðal nemenda skólans um hvernig til tókst. Könnunin var send um 120 nemendum í tölvupósti og fengust svör frá 64 þeirra eða u.þ.b. 50%. Þetta er mun betri svörun en undanfarin ár, t.d. voru heimtur um 21% á síðasta ári. Mikil ánægja var með opnu dagana og mest var ánægjan með hafragrautinn og morgunsönginn. Niðurstöðurnar eru sýndar í Viðauka 1.

Heilsueflandi framhaldsskólar

Verkmenntaskóli Austurlands er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskólar. Verkefnið snýr að heildrænni stefnu í forvarnar- og heilsueflingarmálum og gerir framhaldsskólum kleift að marka sér skýra stefnu í þessum málaflokki. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, þ.e. næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári og eru viðfangsefnin því jafn mörg og námsár flestra framhaldsskólanema. Sem liður í undirbúningi verkefnisins í VA var gerð skoðanakönnun samhliða könnuninni um opnu dagana. Niðurstöðurnar voru sendar til áfangastjóra og verða væntanlega kynntar á vetvangi verkefnisins.

Foreldrakönnun

Á vorönn 2011 var gerð könnun meðal foreldra nemenda sem eru fæddir 1993 og 1994. Spurningarnar voru já - nei spurningar, fjölvalsspurningar og opnar spurningar fyrir athugasemdir. Um 70% foreldra svöruðu sem verður að teljast nokkuð gott. Niðurstöðurnar eru um margt athyglisverðar en mest afgerandi er að níu af hverjum tíu foreldrum telja að skólinn veiti nemendum almennt góða þjónustu og 96% telja að nemandanum líði vel eða sæmilega (73/23). Foreldrar virðast áhugsamir um félagslífið í skólanum og finnst mörgum að þeir eigi að taka þátt í því t.d. með gæslu á böllum eða störfum leikfélagsins. Í athugasemdum kemur fram að slíkt muni veita aðhald og stuðning en einnig sé það gott fyrir nemendur að foreldrar hafi og sýni áhuga á því sem nemendur gera fyrir utan hefðbundið skólastarf. Þá benda niðurstöðurnar til þess að þeir séu almennt ánægðir með skólastarfið í heild sinni. Einnig má nefna að rúmlega helmingur foreldra eru með nemanda í fyrsta skipti í framhaldsskóla.

Allar niðurstöðurnar eru sýndar í Viðauka 2. Nokkrar tillögur voru unnar upp úr niðurstöðunum (sjá kaflann um tillögur vorannar).

Dæmi um svör

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör. Þau eru flokkuð. Margir foreldrar svöruðu á svipaðan hátt og því eru hér aðeins sýnd nokkur dæmi um svör. Að öðru leyti er vísað í Viðauka 2.

Við spurningunni um afhverju VA varð fyrir valinu svöruðu 73% að það væri vegna búsetu eða staðsetningar skólans, 18% vegna námsframboðs og 9% gáfu upp aðra ástæðu. Dæmi um svör eru:

- Staðsetning og námsframboð.
- Við vildum hafa hann sem næst okkur fyrsta árið og það var hægt að sníða grunnnámið að því sem hann hefur hugsað sér að læra.
- Til að læra verklegt.
- Námið sem barnið valdi var kennt þar.

Við spurningunni um afhverju foreldrar telji að nemandinn taki ekki þátt í félagslífi skólans komu m.a. þessi svör:

- Býr ekki í Neskaupstað.
- Virðist vera mjög takmarkað félagslíf.

Í ljós kom að 96% þeirra sem svöruðu þekkja reglur skólans um tóbaksnotkun, 34,7% fannst þeim vera vel fylgt eftir og 61,2% söguðust ekki vita hve vel þeim er fylgt eftir.

Allir þeir sem svöruðu þekkja reglur skólans um bann við áfengisneyslu í ferðum og á skemmtunum á vegum skólans. 42 foreldrar gáfu álit sitt á þeim. 85% þeirra fannst reglurnar góðar og/eða voru sammála þeim og 2% voru ekki ánægð með þær. Dæmi um svör:

- Eiga rétt á sér.
- Finnst þær nauðsynlegar.
- Eðlilegar.
- Mjög ánægð með þær en er samt ekki alveg viss hvort þeim sé fylgt eftir eins og sagt er til um. T.d. er tilkynnt til foreldra um alla þá sem neyta áfengis á ferðum og skemmtunum á vegum skólans?

- Ég mundi vilja sjá að það væri ekkert áfengi sérstaklega í ferðunum, hitt er kanski öðruvísi, þegar þau eru á skemmtun.

Þegar spurt var um fyrirkomulag á skemmtunum á vegum skólans, t.d. dansleiki, menningarferð og árshátíð þá fannst 68% fyrirkomulagið gott, 2% fannst það ekki gott og 30% sögðu eitthvað annað eða höfðu enga skoðun. Dæmi um svör eru m.a. þessi:

- Mjög gott.
- Tel að meira eftirlit þurfi í menningarferð, foreldrar þurfa að koma þar inn í. Vill að árshátíðin sé alfarið á vegum skólans og sé lokuð. Vill að almenn notkun á áfengismælum verði tekin upp.
- Hef ekkert út á það að setja. Gott að hafa fasta félagslífsfulltrúa sem fylgjast með krökkunum og þekkja þau og foreldrar geta talað við ef eitthvað bjátar á.
- Alltof stífar reglur, þetta er orðið fullorðið og hálffullorðið fólk. Þetta eru ekki grunnskólabörn.
- Ekki hafa dansleiki á virkum degi.
- Alltof stífar reglur, þetta er orðið fullorðið og hálffullorðið fólk. Þetta eru ekki grunnskólabörn.

Spurt var um busavígluna. Ef skoðuð eru svör þeirra sem mynduðu sér skoðun þá kom í ljós að nokkur hluti (33%) foreldra var frekar neikvæður út í hana, fannst hún of subbuleg og jafnvel ganga út í öfgar. 22% fannst hún góð og í lagi og 44% höfðu misjafna skoðun, t.d. í lagi ef hún gengi ekki út í öfgar. Svör sem fengust voru m.a. þessi:

- Góð eins og hún er.
- Ekki hrifin, hlýtur að vera hægt að gera eitthvað skemmtilegt án þess að það sé verulega ógeðslegt.
- Í lagi - má ekki fara út í öfgar.
- Hún er skemmtileg og ég heyrir að unglíngunum þykir það líka.
- Of subbuleg.
- Hún er bara í góðu lagi, sé ekki að hún hafi farið úr böndunum svo hún er bara skemmtileg fyrir krakkana.
- Finnst nóg að það sé 1 dagur alls ekki öll vikan !

Í síðustu spurningu könnunarinnar voru foreldrar spurðir hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri. Svör fengust frá 24 foreldrum eða 47%. Dæmi um svör eru:

- Það þarf að endurskoða leikæfingar í kringum prófin.
- Ég er sátt við skólann og barnið mitt er sátt
- Strákinn okkur hefur aldrei áður verið jafn ánægður með að fara í skóla! Við erum mjög ánægðir með VA!
- Finnst það fráleitt ef að útskrift nemenda að vori verði ekki haldin í heimabæ skólans þaðan sem mikill meirihluti nemanda er búsettur.
- Vil lýsa ánægju minni með með góðan árangur í forvarnarmálum eins og hvernig tekið hefur verið á tóbaksnotkun og skýrari skilaboðum til nem. og for. um stefnu skólans varðandi meðferð áfengis. Það er mikill styrkur fyrir foreldra.
- Nemandinn fær betri aðstoð og athygli en ef hann hefði farið í framhaldsskóla í Reykjavík. Við erum mjög ánægð með skólann og þjónustuna sem skólinn veitir.

Áfangamat

Eins og undanfarið þá voru niðurstöður áfangamats sendar viðkomandi kennurum og skólameistara. Að þessu sinni voru metnir 24 áfangar og voru 20 þeirra iðngreinaáfangar, 12 verklegir og 8 fagbóklegir. Samtals fengust svör frá 168 nemendum, en þess ber að geta að nokkrir nemendur svöruðu í fleiri en einum áfanga. Af þeim sem svöruðu voru 72% kk og endurspeglar það þá staðreynd að meirihluti nemenda í iðnnámsáföngum eru karlar. Meðalaldur var 18,6 ár. Samantekt á niðurstöðum má sjá í Viðauka 3.

Nokkrar niðurstöður úr áfangamati

Kennsluvefurinn var notaður í öllum almennubóklegu áföngunum og í fjórum af átta fagbóklegum áföngum. Hann var aðeins notaður í þremur af tólf verklegum áföngum. Þar sem hann var notaður var almenn ánægja með hann. Nemendur nefndu t.d. verkefnaskil, gott þegar verkefni eru sett þar inn vegna forfalla kennara og gott að fá ítarefni inn þar.

Í áfangamatinu kom í ljós að 13% nemenda fengu ekki kennsluáætlun í upphafi annar. Þessu þarf að breyta, því að allir nemendur eiga að fá áætlun í upphafi annar, hvort sem hún er útprentuð eða sett inn á kennsluvef.

Tillögur vorannar

Gera félagslífsskönnun á haustönn 2011. Hugsa hana út frá félagslífshópum.

Kanna aðbúnað starfsfólks og þjónustu á haustönn 2011, en þessu var frestað nú í vor.

Bæta umgengni í setustofu nemenda – spurning hvernig það er best gert. Fela nemendum ábyrgð?

Semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það sé alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Láta foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka að sér slík störf.

Reglur um áfengisbann á atburðum á vegum skólans, ítreka að áfengisneysla er bönnuð, sama hver aldurinn er, ef viðburðurinn er í nafni skólans. Á það sama að gilda um tóbaksnotkun?

Fara yfir framkvæmd busavígslunnar. Einhver óánægja er með hana, nokkrum finnst hún of subbuleg og nokkrum finnst hún eigi bara að vera einn dagur, ekki heil vika.

Auka notkun kennsluvefs. Allir kennarar eiga að nota hann. Skiptir máli varðandi t.d. kennsluáætlanir og kannanir sem gerðar eru innan skólans því þá er hægt að virkja kennara í þeim.

Koma kennsluáætlun í 100%, en 13% nemenda fengu ekki kennsluáætlun og voru þeir í áföngum þar sem kennsluvefurinn var ekki notaður.

Auka þátttöku í könnunum. Í ljós kom að tölvupóstur er stórlega ofmetinn. Þegar gerðar eru kannanir utan skólans þarf að senda venjulegan póst. Þegar gerðar eru kannanir innan skólans, þarf að virkja kennara og nota kennsluvefinn.

Sjá til þess að botninn detti ekki úr listaakademíunni þegar leiksýningu er lokið.

Fara yfir tímasetningu opins húss og virkja nemendur í því.

Skipuleggja stuðning við nýja kennara sem koma, sérstaklega við leiðbeinendur sem koma hér inn og kenna einn og einn áfanga. Skoða það sem er í stofnanasamningi um þetta. Einnig þarf að fara reglulega yfir handbók starfsfólks og uppfæra hana eftir þörfum.

Semja verklagsreglur um uppákomur í skólanum, t.d. þegar eitthvað kemur uppá meðal nemenda eða meðal starfsfólks. Í upphafi hvorrar annar verði síðan farið yfir þessar reglur ásamt öðrum.

Klára vinnu við áfallateymi.

Viðauki 1 - Mat nemenda á opnum dögum í mars 2011

Opnir dagar á vorönn 2011 voru haldnir dagana 1. - 3 mars. Nemendur mættu í skólann kl. 09.00 þessa þrjá daga og fengu hafragraut og sungu morgunsöngva við undirleik Arnars Guðmundssonar og Dodda Þórðar Júlíussonar. Í hádeginu fengu nemendur hádegisverð á heimavistinni án endurgjalds. Hverjum degi lauk síðan um 15.00.



Að loknum opnu dögum var gerð skoðanakönnun meðal nemenda um hvernig þeim fannst dagarnir hafa tekist. Könnunin var send um 120 nemendum í tölvupósti og fengust svör frá 64. Þetta er mun betri svörun en undanfarin ár, t.d. voru heimtur um 21% á síðasta ári. Hér á eftir eru sýnd svör nemenda. Ath. innsláttarvillur eru ekki leiðréttar.





- finnst það skrítið að þurfa að mæta á morgnana þótt að þú eigir ekki að vera í skólanum fyrr en eftir hádeigi
- mætti ekki
- Vantaði Sjósuðið!



3. Hefðir þú viljað hafa hópana:

Fleiri		54.0%	34
Færri		0.0%	0
Sama fjölda		46.0%	29

4. Fannst þú hóp sem hentaði þér?

		Response Percent	Response Count
Já		87.5%	56
Nei		12.5%	8

Ef nei, afhverju ekki? 8

- Hafði ekki áhuga á þessu.
- Því ég á ekkert sérstakt á áhugamál.
- Ég get ekki sagt að það hafi verið neinn hópur sem mig langaði alveg brjálæðislega að fara í.
- Því mér kemur illa með vissu fólki
- Nema það var fullt málmsmiði *
- Af því að það var mjög fátt skemmtilegt í boði
- Já og nei, fannst lítið úrval af því sem mig langaði að fara í.
- Vantaði sjósundið


5. Gast þú tekið þátt í öllum hópum sem þig langaði?

Já		48.4%	31
Nei		51.6%	33

Ef nei, afhverju ekki? 26

- Of fáir sem skráðu sig
- Það var bara ekki tíma fyrir alla hópana.
- Því ég hafði ekki áhuga á neinu af þessu.
- Komst ekki í neit
- Ég var á háskólakynningu, og svo voru hóparnir sem mig langaði að vera í kenndir á sömu tímum.
- Ég komst t.d. ekki á hestbak v/leiklistar né hársmiðju.

- Veit það ekki
- Ég veit ekki, vildi fá að fara í jóga
- Mig langaði í krufningu
- Voru svo fáir sem mig langaði í
- Sumir lagðir niður og of litill tími
- Það var ekki nægur tími.
- Bara vegna þess að ég var ekki skráður í þá.
- Því ég var veik :(
- Því að það voru t.d. 2 á sama tíma sem mig langaði í.
- Voru ekki nógu margir dagar.
- Af því að ég var veik og svona.
- Ég fékk ekki nægan tíma til þess.
- Of margt að velja úr fyrir fá daga
- Ekki nægur tími
- Ég fór ekki í alla hópana.
- Ekki nægur tími
- Ekki star wars
- Vantaði sjósundið
- Útaf hárgreiðsla féll niður þegar ég var skráð.. en það var allt í lagi útaf ég fór í singstar! :)
- Veðurfarið var slæmt



- T.d sundhóp :)
- Lengri hljómsveitarhóp
- Bara allskonar !
- Ég hefði verið til í að sjá hóp sem væri alla daga þar sem nemendur gætu nýtt tíman og lært.
- Bara hafa fleiri hópa í boði, ekkert sérstakt sem kemur uppi huga mér í augnablikinu.
- Fjölbreyttari hópa, meiri í íþróttir, sjósund og svo kannski leiklistarhóp
- Ég veit það ekki alveg
- Hefði alveg verið til í hóp, kannski einn daginn eftir hádegi, fyrir fótbolta.
- Meira úrval
- Bara eithvað annað
- Öðruvísi í boði
- Hópar sem komu á blað til kennara en fóru svo ekkert lengra
- Alls konar, lengri tíma í myndlist, og fleira þannig
- Sjósund og bruggnámskeið
- Bara fleiri

- Allskonar fyrir aumingja
- Sjósund
- Fjölbreyttara úrval af hópum

Spurning 7. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

- Nei takk :)
- Ég var mjög ánægður með opnu dagana og sérstaklega hafragrautinn á mornana.
- Að mestu leiti fannst mér ganga vel og nokkuð ánægð með dagana. Mér fannst morgunsöngurinn og hafragrauturinn sértaklega frábær :)
- Bara frábært og fróðlegt þessir dagar, mættu alveg vera heil vika
- Vil hafa hafragraut oftár á morgnanna, t.d. einu sinni í viku :)
- Lan hópur hefði þurft að vera heill dagur
- Mér fannst opnu dagarnir bara heppnast vel, ef það var eitthvað sem að ég hefði viljað bæta þá er það bara þátttaka nemenda í sumum hópum, til dæmis stjórnufræði hópnum sem ég fór í. Mér fannst hann mjög skemmtilegur, en af þeim 10(minnir mig) sem áttu að mæta mættu bara 4.
- Nei, þetta var flott eins og það var :
- Ekki að sinni
- Hafa dagana fleiri næst!
- Það voru hópar sem ég gat ekki mætt í því að ég þurfti að mæta með mitt eigið dót sem ég á ekki og þekki engann til að fá lánað. Það var eina vandamálið :)
- Afhverju gat lan-hópurinn ekki fengið að vera heilan dag í stað 2oghálf klst? nei bara spyr, eini hópurinn sem mér fannst e-ð varið í. Og með íþróttadaginn, hvað var málið með íþróttirnar? blak vs. kennara sem tók hálf tíma og fáir sem nenntu að horfa á og svo bandý sem fólk var komið með nóg eftir klukkutíma og voru flestir farnir þegar síðasti leikur var spilaður. Svo finnst mér fátíðlegt að fólk sem er í tímum t.d fyrir hádegi bara þurfi að mæta í þematíma eftir hádegi, þ.e.a.s ef það er skilda, skil alveg að sumir vilji það en það á ekki að þurfa þess finnst mér, tala nú ekki um fólk sem er kannski bara í 1 tíma yfir allan daginn.
- Það á að hafa lengar vetrarfrí eins og aðrir hafa þó það séu opnir dagar, þó þeir séu skemmtilegir eru þeir ekki frí
- Sjósund er hressandi
- Það mætti vera fjölbreyttari hópar.
- Það þarf fleiri daga
- Nei þakka þér fyrir !
- Vantaði sjósundið
- Það væri gaman að enda á karnival göngu eins og var alltaf gert áður fyrr.
- Elvar kennari er sætur

Viðauki 2 - Niðurstöður foreldrakönnunar

Ath. innsláttarvillur í svörum eru ekki leiðréttar.



48

- Búseta og nemandinn vildi fara í skólan.
- Til að vera í heimabyggð.
- Námið sem barnið valdi var kennt þar.
- Vegna búsetu
- Hann flutti á Neskaupstað
- Vegna búsetu
- Búsett á staðnum
- Nálægt heima - hægt að komast heim á kvöldinna
- Hann er í heimabyggð
- Skóli í heimabyggð. Skiptir miklu máli.
- Af því skólinn er staðsettur í heimabæ okkar
- Bauð upp á nám nálægt heimabyggð
- Vegna verkgreina
- Nálægð við heimili
- Leist vel á hann
- Barninu leyst vel á skólann, og við vildum hafa hana heima við.
- Við á lögheimili í Fjarðabyggð
- Stutt frá heimili
- Í heimabyggð
- Vegna þessu hverssu nálægt heimilinu hann er þó se yfir fjallgarð að fara og líka að hann hentaði barni okkar samkvæmt því nami sem það hefur ahuga fyrir
- Þetta er lang besti skolin
- Nemandinn býr í Neskaupstað.
- Staðsetning og námsframboð
- Er í heimabyggð
- Til að læra verklegt
- Staðsetningin - næst heimilinu
- Þá gat nemandinn búið heima á meðan á námi stóð
- Vegna þess að hann er í heimabyggð
- Af því að við búum hér fyrir austan.

- Búum á Neskaupstað
- Góð reynsla af honum og heimabær
- Búum hér í Neskaupstað
- Heimabyggð
- Verkkennsla og innan bæjar
- Hann er í minni heimabyggð og er góður skóli.
- Vegna verklegs fags
- Bý á Norðfirði
- Við vildum hafa hann sem næst okkur fyrsta árið og það var hægt að sníða grunnnámið að því sem hann hefur hugsað sér að læra.
- Þar er boðið upp á námið sem unglingurinn hafði áhuga á og skólinn er í nágrenninu.
- Af því að við höfðum ekki efni á að senda nemandan annað,
- Held það hafi verið nokkrar praktískar ástæður t.d. samgöngur yfir Oddsskarð, frekar hægt að stunda skíðasvæðið
- Heimaskóli
- Vegna búsetu móður nemandans. Hann var búinn að vera eitt ár í framhaldsskóla í Reykjavík og þá með búsetu hjá föður sínum.
- Í heimabyggð, mikill kostur að nemandi geti stundað nám en þurfi ekki að fara að heiman
- Staðsetning
- Skóli í heimabyggð
- Staðsetning og námsframboð



6. Mættir þú á kynningarfund fyrir foreldra og forráðamenn nýnema síðastliðið haust?

Já		39.2%	20
Nei		60.8%	31

7. Ef svarað var nei við spurningunum þremur hér að framan: Hefur þú komið í skólann?

Einu sinni		8.1%	3
Oftar en einu sinni		89.2%	33
Aldrei		2.7%	1



8. Hefur þú haft samband við umsjónarkennara nemandans sem þú er forráðamaður yfir?

Einu sinni		32.0%	16
Oftar en einu sinni		34.0%	17
Aldrei		34.0%	17




9. Hefur þú haft samband við einhvern af kennurum nemandans?

Einu sinni		36.7%	18
Oftar en einu sinni		30.6%	15
Aldrei		32.7%	16



10. Hefur þú skoðað heimasíðu skólans?

Já		96.0%	48
Nei		4.0%	2
answered question			50
skipped question			1



11. Ef já: Hversu oft hefur þú farið inn á heimasíðuna?

Einu sinni		6.1%	3
Oftar en einu sinni		55.1%	27
Gerir það reglulega		38.8%	19

12. Hefur þú kynnt þér það fjölfaldaða efni sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda?

Já		86.0%	43
Nei		14.0%	7

13. Finnst þér það fjölfaldaða efni sem skólinn sendir forráðamönnum vera nægilegt?

Já		81.0%	34
Nei		19.0%	8

14. Ef svarið við spurningu 13 var nei: Finnst þér að skólinn mætti senda forráðamönnum fjölfaldað efni til upplýsingar oftar?

Já		75.0%	9
Nei		25.0%	3

15. Ef svarið við spurningu 13 var já: Hvernig upplýsingaefni vildir þú helst fá til viðbótar?






Almennt um skólastarfið		23.7%	9
Um námsframboð		7.9%	3
Um félagslíf		5.3%	2
Um nemandann		21.1%	8
Allt ofangreint		42.1%	16
Annað, hvað?			3

- Efni kom heldur seint í haust eftir að skólinn byrjaði. Meiri upplýsingar um heimavistina.
- Forvarnir, fræðsla til foreldra
- Mætti senda allt ofangreint nema í tölvupósti



16. Hefur þú kynnt þér mætingareglur skólans?

Já		92.2%	47
Nei		7.8%	4

17. Hversu oft skoðar þú mætingar nemandans í INNU?

Aldrei		17.6%	9
Einu sinni á önn		23.5%	12
Mánaðarlega		39.2%	20
Vikulega		15.7%	8
Oftar		3.9%	2



18. Fylgist þú með heimanámi nemandans á kennsluvef skólans?

Já		26.0%	13
Nei		74.0%	37

Ef já, hversu oft? 8

- Ekki oft .
- Spyr nemanda hvort hann þurfi ekkert að læra.
- Veit ekki hversu oft.
- Reglulega.
- 2-3 í viku.
- Mjög misjafnt.
- Ca. 1 sinni í mánuði.
- Ca einu sinni í mánuði.

19. Segir nemandinn þér frá gengi sínu í námi og starfi í skólanum?

Já		78.4%	40
Stundum		21.6%	11
Nei		0.0%	0

20. Telur þú þig vita hvert námsframboð skólans er?

Já		33.3%	17
Að verulegu leyti		62.7%	32
Nei		3.9%	2

21. Tekur nemandinn þátt í félagslífi skólans?

Já		76.5%	39
Nei		17.6%	9
Veit ekki.		5.9%	3

22. Ef svarið við spurningu 21 var nei: Hvers vegna telur þú að nemandinn taki ekki þátt í félagslífinu?

Hefur ekki áhuga		62.5%	5
Vegna samgangna		25.0%	2
Veit ekki		12.5%	1
Annað, hvað?			6

- Hann kemur oftast heim um helgar
- Það er ekkert félagslíf í skólanum.
- Og einnig þegar þú ert kominn heim að skóladegi loknum hafa menn ekki alltaf nennu til að fara aftur yfir skarðið
- Samgöngumál hjálpa heldur ekki
- Virðist vera mjög takmarkað félagslíf
- Býr ekki á Neskaupstað

23. Telur þú að nemandinn eigi félag og vini í skólanum?

Já		90.0%	45
Nei		2.0%	1
Veit ekki		8.0%	4

24. Þekkir þú reglur skólans um tóbaksnotkun?

Já		95.9%	47
Nei		4.1%	2

25. Ef svar við spurningu 24 var já, telur þú að þeim sé fylgt nægilega vel eftir?

		Response Percent	Response Count
Já		34.7%	17
Nei		4.1%	2
Veit ekki		61.2%	30
	Athugasemdir:		2


- Mjög flott !
- Er ekki nálægt og get ekki fylgst með.

26. Þekkir þú reglur skólans um bann við áfengisneyslu í ferðum og á skemmtunum á vegum skólans?

Já		100.0%	49
Nei		0.0%	0

- Gott.
- Góðar.
- Sammál að börn yngri en 20 ára eiga ekki að vera með áfengi. Set spurningu við hina.
- Finnst það fínt, þau eru náttúrulega undir aldri
- Sanngjarnt eftirlit er gott
- Góðar og fylgjandi þeim
- Mjög gott
- Flott!
- Er sammála þeim reglum
- Ég er sammála áherslum skólans í þessum efnum
- Tel þær af því góða
- Bara gott mál
- Reglur eru reglur og það á að fylgja þeim.
- Mjög gott mál
- Ég mundi vilja sjá að það væri ekkert áfengi sérstaklega í ferðunum, hitt er kannski öðruvísi, þegar þau eru á skemmtun.
- Jákvætt
- Bara gott mál og endilega að halda áfram
- Gott mál.
- Er ekki sammála öllu sem gert er í skólanum og tel að t.d. árshátíðin í fyrra illa heppnuð þar sem að reglur voru mjög strangar og dró úr þátttöku og almennri gleði til að taka þátt.
- Líkar þær vel.
- Eðlilegar
- Ef það eru reglur þarf að far eftir þeim og gera það strax en ekki eftir einhverja daga
- Finnst þær nauðsynlegar.
- Bara mjög góðar reglur.
- Líkar þær vel;-)
- Mjög góðar
- Mjög ánægð með þær en er samt ekki alveg viss hvort þeim sé fylgt eftir eins og sagt er til um. T.d. er tilkynnt til foreldra um alla þá sem neyta áfengis á ferðum og skemmtunum á vegum skólans?
- Sammála þeim
- Góðar reglur
- Gott
- Gott
- Að sjálfsgöðu eiga að vera strangar reglur varðandi áfengisneyslu í ferðum og skemmtunum á vegum skólans.
- Góðar
- Allt í lagi
- Ekkert
- Eiga að vera svona
- Finnst þær góðar.
- Mjög gott mál.
- Gott mál
- Mjög ánægð með regluna og það þarf að fylgja henni kannski betur eftir

- Eiga rétt á sér.



39

- Bara gott
- Bott ,en veit ekki í sambandi við menningarferðinna.
- Fínt
- Hef ekki frétt neitt slæmt af þeim, barnið mitt hefur samt ekki farið
- Ekki hafa dansleigi á virgum degi
- Margt fínt. Hlynntur áfengislausum skemmtunum. Þótti dapurt um daginn að gera hlé á skemmtun svo krakkarnir gætu skroppið heim að detta í það.
- Gott
- Flott
- Ok
- Ég er sátt við það
- Bara gott
- Veit ekki annað en það sé í góðu lagi
- Ég hef ekki myndað mér neina skoðun um fyrirkomulag á þeim.
- Mjög fínt.
- Bara nokkuð gott,held ég
- Ég er mjög ánægð með þær, góð gæsla og skipulag gott.
- Bara fint fyrirkomulag
- Ágætt.

- Alltof stífar reglur, þetta er orðið fullorðið og háflfullorðið fólk. Þetta eru ekki grunnskólabörn.
- Bara fint
- Bara gott
- Gott
- Hef ekki velt því mikið fyrir mér en óneitanlega lélegt að þeir fú viðburðir sem eru yfir veturinn skuli rekast á stórviðburði í ME væri betra af hægt væri að hafa samstarf þar á milli
- Hef ekkert út á það að setja. Gott að hafa fasta félagslífsfulltrúa sem fylgjast með krökkunum og þekkja þau og foreldrar geta talað við ef eitthvað bjátar á.
- Gott.
- Gott
- Almenn gott mætti vera strangara í menningarferðum
- Það er nauðsyn að hafa aðhald en það má ekki hafa þetta eins og í fangelsi
- Tel að meira eftirlit þurfi í menningarferð, foreldrar þurfa að koma þar inn í. Vil að árhátíðin sé alfarið á vegum skólans og sé lokuð. Vil að almenn notkun á áfengismælum verði tekin upp.
- Man nú bara eftir einu balli, það er síðasta árhátíð í byrjun mars, það var í lagi, en afhverju á ESK
- Með ágætum.
- Mjög fínt
- Í lagi
- Gott það ég veit.
- Veit ekki
- Þrýðilegt
- Gott. Hann hefur tekið þátt í menningarferð og ætlar á árhátíð núna.
- Ég hef ekkert út á það að setja.
- Mjög gott



32. Hvernig telur þú að nemandanum líði í skólanum?

Vel		72.9%	35
Sæmilega		22.9%	11
Illa		2.1%	1
Veit ekki		2.1%	1

33. Telur þú að skólinn veiti nemandanum almennt góða þjónustu?

Já		89.6%	43
Nei		0.0%	0
Veit ekki		10.4%	5

34. Telur þú að nemandinn nýti þá þjónustu sem hann á kost á?

Já		70.2%	33
Nei		17.0%	8
Veit ekki		12.8%	6

Annað 2

- Ég held það.
- Hann gæti hugsanlega nýtt betur námsráðgjafa.

35. Vinnur nemandinn með námi sinu?

Ástund	Stærð	Prosent	Tölur
Já		50.0%	23
Nei		50.0%	23

Ef já, hve mikið og hver er skoðun þín á því? 18

- 5 tíma á vika og það er bara mjög gott.
- Um helgar.
- Ekki stöðugt, mest í lengra frí og annarslagi í helgar
- Minna núna en á fyrsta ári. Helgarvinna annað slagið, sem er í lagi.
- Mjög lítið, mér finnst það bara gott að hann vinni með svo lengi sem það bitnar ekki á námi sem það hefur ekki gert.
- Misjaftn hve mikið, og mér finnst það ekkert mál.
- 20 tíma í mánuði, og tel það vera þroskandi. en getru verið heftandi ef unglingar vinna of mikið með skólanum.
- Á laugardögum
- Aðra hverja helgi, sem er bara gott mál.
- 2 tíma á viku,allt í góðu með það
- 12 tíma á viku. Hef stundum áhyggur af því að það bitni á skólanum og líðan en hefur alveg gengið upp hingað til.
- Vinnur ca 20 tíma í mánuði sem mér finnst ekki of mikið ef nemandinn ætlar að hafa peninga milli handann verður hann að afla þeirra sjálfur
- Einu sinni til tvisvar í mánuði börn hafa gott af því.
- Milli 6 og 16 tíma á viku. Það er gott fyrir þau að vinna. Góður undirbúningur fyrir framtíðina.
- 10 til 15 tímar á mánuði.Er bara ánægð með það.
- Aðra hvora helgi og það er allt í lagi
- Annan hvern laugardag og ég er ánægð með það
- Ca 50% og við erum mjög sátt við það.

36. Hefur þú sem foreldri/forráðamaður áhuga á að starfa í foreldraráði skólans?

Ástund	Stærð	Prosent	Tölur
Já		21.3%	10
Nei		78.7%	37

Ef nei, afhverju ekki? 29

- Hef ekki tök á því.
- Samgöngur
- Hef ekki tíma
- Bý ekki á staðnum
- Er svo upptekinn
- Mig langar til þess, en á því miður ekki tíma
- Hef of mikið að gera

- Hef ekki tíma vinn vakta vinnu og vinn í öðru bæjarfélagi
- Of langt í burtu
- Starfa mikið í svona hlutum í mínu bæjarfélagi, og finnst það nóg fyrir mig, en er til að taka þátt í því sem þarf að gera, eins og gæslu o.þ.h.
- Útkeyrð, eftir grunnskólann, vegna mikið vinnu með strákana
- Tel mig ekki hafa tíma í það sem stendur.
- Latur
- Hef ekki tök á því eins og er.
- Ég held ég sé búin með þann pakka og er oft mikið að heiman
- Hef ekki tíma í það núna
- Tel aðra betur til þess fallna
- Ekki að svo stöddu er í miklu foreldrarstarfi yngri barnanna
- Of langt að fara.
- Hef ekki tíma
- Feimni
- Veit ekki.
- Er of langt frá skólanum
- Foreldraráð eru ofmetin fyrirbæri í framhaldsskóla
- Er ekki mikið fyrir félagsmál.
- Finnst það ekki skemmtilegt, hef ekki áhuga
- Leiðist slíkt starf vegna hálfvallorðins fólks
- Hef áhuga en ekki tíma.
- Tímaskortur eins og er



- Já og nei
- Foreldrar tengjast þeim betur t.d. við leiksýningar.
- Frábært tækifæri og þurfum að halda áfram að styðja vel við börnin okkar.
- Alveg sjálfsagt - þetta er okkar börn!
- Ekki gæslu en gjarnan í störfum leikfélagsins
- Betra yfirlit yfir nemendur og augu sjá betur en auga
- Ef tök eru á því
- T.d. að kynnast félögunum, foreldrum og svo er það yfirleitt mjög gaman
- Sá de unge har nogle de kan støtte sig opad, især til baller, hvor de nogengange får lidt for meget
- Tel það efla tengsl foreldra og unglingsins.
- Að einhverju leiti, gott að foreldrar séu sýnilegir.
- Til að hafa góðu sambandi við krakkana
- Gefur foreldrum tækifæri á að kynnast starfi skólans og styðja við bakið á skólanum. Hefur mikið forvarnarlegt gildi.

- Það er svo skemmtilegt að vinna saman og maður kynnist krökkunum betur
- Gott fyrir alla aðila
- Samstarf t.d í leikfélagi er til góðs en óþarfi með gæslu á böllum við þurfum að treysta þessum krökkum, og kannski ekki gleyma hvernig var þegar við vorum ung
- Ekki gæslu á böllum, en að taka þátt í störfum leikfélagsins væri allt í lagi.
- Það veitir aðhald og er fræðsla fyrir foreldra um leið
- Það er gott að foreldrar styðji við félagslíf en l'ðati kennara um það sem þeir eru menntaðir til að gera - kenna- punktur
- Gott fyrir nemendur, ef foreldrar hafa áhuga.
- Veita þeim aðhald og stuðning
- Sérvizka
- Mér finnst fínt mál að foreldrar aðstoði eins og ef þörf er á þegar verið er að setja upp leikrit eða annað slíkt, samt ekki í ómældu magni. Gæsla á böllum er finnst mér ekki í verkahring okkar foreldra, börnin okkar eldast og við verðum að fara að treysta þeim, við vitum að þau eru á þeim aldri að vera að smakka áfengi, sum meira en það, en ef að þau eru að því þá veit maður að látið er vita og þá sækir maður sitt ungmenni. Það finnst mér vera ábyrgð foreldra að vera á bakvaktinni ef eitthvað kemur uppá og sækja þá sitt barn. Ég tel gæslu foreldra á böllum vand með farna, það eru ekki allir sem að kunna sig eða kunna að þegja yfir því sem þeir verða vitni að, viðbrögð við drukknun ungmenni þurfa að vera rétt, þíðir ekkert að vera með læti og ég treysti ekki öllum til að bregðast þannig við og hver á að láta foreldri vita, skólinn, lögreglan eða hringir bara viðkomandi foreldri og hvernig eru þá upplýsingarnar ? til foreldra... er þetta gert með látum eða ? þetta eru bara vangaveltur hjá mér, það var oft talað um þetta foreldrarólt þegar börnin mín voru í grunnskóla og bara gott mál en hvenær á að stoppa ? daginn sem að þau verða 18 eða? Kanski veð ég allveg villu vegar en þetta er það sem að mér finnst , svona nokkurn veginn :)
- Það er besta forvörnin
- Getur veitt stuðning

38. Hvaða skoðun hefur þú á busavígslu skólans?

42

- Það á bara vera gaman ekki eitthvað grimmt.
- Finnst nóg að það sé 1 dagur alls ekki öll vikan !
- Þarf að passa að hún sé ekki of grimmt, og föt skemmist ekki.
- Enga
- Ef þau fá aðstoð og eftirlit frá umsjónarmönnum frá skólanum þá tel ég að þetta sé í lagi svo lengi sem þetta fer ekki út í vitleysu
- Það er gerta allt of mikið
- Held að hún hafi farið ágætlega fram.
- Mér finnst vera of langt gengið með að nota úrgang í þessum vígslum
- Bara gaman!
- Veit ekki
- Er á móti ofbeldi og niðurlægingu eins og þær virðast ganga útá
- Enga
- Allt er gott í hófi
- Mjög neikvæður fyrir svoleiðis vitleysu
- Þarf að vera innan skinsama marka
- Busavígslur mega sko alveg missa sig, mér finnst eigi að bjóða krakka velkomna á menningarlegum nótum. Ekki lítisvirða þau, og á ég þá almennt við þessar busavígslur.

- Halda þau við,ENN í hofi...
- Frekar litla, getur verið gaman ef það fer ekki úr böndunum
- Veit ekkert um hana
- Sleppur, en má ekki ganga lengra.
- Ég er á móti busavígslum nema þær séu gerðar á þann hátt að busar séu boðnir velkomnir á jákvæðan hátt.
- Mér finnst að það er að fara úr böndum stundum
- Veit ekki
- Mitt barn var mjög sátt og fannst þetta gaman.
- Þarf að hafa eftirlit með því að hún fari ekki út í öfgar.
- Allt í lagi að gera eitthvert sprell en það er vandmeðfarið svo að engum sárni
- Mjög gróf og er ekki alveg sáttur við hana
- Allt í lagi ef hún gengur ekki út í öfgar
- Þetta á að eiga sér stað með eftirliti skólans
- Skemmtileg hefð en getur auðveldlega farið úr böndunum.
- Fáránlegur fíflaskapur
- Hún er bara í góðu lagi sé ekki að hún hafi farið úr böndunum svo hún er bara skemmtileg fyrir krakkana.
- Svo sem enga
- Í lagi en þarf að vera undir eftirliti kennara
- Of subbuleg.
- Fáránleg, öpun eftir öðrum skólum
- Hún er skemmtileg og heyri að unglíngunum þyki það líka
- Enga
- Ég hef ekki myndað mér ákveðna skoðun á henni. Ég hef ekki orðið vör við annað en að krökkunum finnst hún spennandi, en auðvitað verður allt að vera innan vissra marka sem að ég held að hafi verið passað uppá í VA. En auðvitað geri ég mér grein fyrir því að það er ekki víst að öllum nemendum standi á sama um þetta og þess vegna hef ég ekki getað myndað mér skoðun á þessu.
- Í lagi - má ekki fara út í öfgar
- Ekki hrifin, hlýtur að vera hægt að gera eitthvað skemmtilegt án þess að það sé verulega ógeðslegt
- Góð eins og hún er

39. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

24



Dæmi um svör:

- Nemandinn fær betri aðstoð og athygli en hann hafði í framhaldsskóla í Reykjavík. Við erum mjög ánægð með skólann og þjónustuna sem skólinn veitir.
- Ég er tilbúin að borga meira fyrir næringarbetri og meiri mat handa vaxandi unglíngi.
- Bara að við foreldrarinn og unglíngurinn okkar erum mjög sátt við skólann.
- Vil lýsa ánægju minni með með góðan árangur í forvarnarmálum eins og hvernig tekið hefur verið á tóbaksnotkun og skýrari skilaboðum til nem. og for. um stefnu skólans varðandi meðferð áfengis. Það er mikill styrkur fyrir foreldra.
- Haldið bara áfram að vinna það góða verk sem þið gerið.
- Dálítið mikið stökk frá grunnskóla til framhaldsskóla og væri gott að umsjónarkennari á fyrsta ári væri virkari og aðeins líkari umsjónarkennara í grunnskóla.
- Er mjög ánægð sem foreldri með skólann, og barnið mitt er það líka.


- Finnst það fráleitt ef að útskrift nemenda að vori verði ekki haldin í heimabæ skólans þaðan sem mikill meirihluti nemanda er búsettur.
- Strákinn okkur aldrei áður verið jafn ánægður með að fara í skóla! Við erum mjög ánægðir með VA!

Viðauki 3 – Niðurstöður áfangamats – samantekt


Samntekt á niðurstöðum áfangamats. Hvert súlurit sýnir svör við viðkomandi spurningu í öllum áföngunum. Svör við þessari spurningu hvað var best og hvað var verst við áfanganna eru ekki birt hér, né skilaboð til skólameistara.




Kennarinn er vel skipulagður og kemur námsefninu vel til skila




Kennarinn heldur athygli minni vel




Kennaranum tekst að virkja mig til starfa




Kennarinn bregst vel við spurningum




Kennarinn hvetur mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum




Kennarinn er áhugasamur um nám nemenda




Kennarinn mismunar ekki nemendum




Samskipti mín við kennarann eru góð




Námsefni áfangans er áhugavekjandi



Vinna mín í áfanganum er



Áfanginn reyndist mér



Ég er ánægð(ur) í áfanganum

